

# Fundargerð stjórnar GLÍ

Stjórn kosin 28. september 2025

## 5. stjórnarfundur - haldinn 28. október á skrifstofu GLÍ kl. 13:00

Mættir; Rögnvaldur, Lambi og Sigurjón en Kjartan og Sigmundur á Teams.

Fyrirliggjandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
  2. Staða fjármála.
  3. Mótaskrá, staða
  4. Upplýsingar um kostnað við utanlandsferðir 2025
  5. Önnur mál
    - a. Fyrirliggjandi félagaskipti
    - b. Annað
- 
1. Fundargerð fundar 4 samþykkt.
  2. **Fjármál.** Gjaldkeri hefur enn ekki fengið prókúru. Vonandi gengur það í gegn í dag. Staðan er því ennþá nokkuð óljós, en ræddar nokkrar stórar færslur. Ekkert gengur að fá fylgiskjöl fyrir 2025 og vísar hver á annan. (Einn stjórnarmaður átti eftir að staðfesta undirskrift við bankann en því var lokið að fundi loknum).
  3. **Mótaskrá.** Fyrsta mótið verður 15 nóvember. Keppni yngri flokka á dýnum verður í Skelli kl. 13:00 en keppni á gólfi verður í Melaskóla, að öllu óbreyttu. Enn er beðið eftir ákvörðun frá héraðssamböndum, um hvaða mót þau vilja halda. Ekki er hægt að gefa út mótaskrá fyrir en ákvarðanir héraðssambanda liggja fyrir.
  4. **Kostnaður við ferðir 2025.** Skjal um þátttakendur og kostnað (eða kostnaðaráætlun) um utanlandsferðir ársins var til umræðu. Ritari tekur saman kostnað á hvern þátttakanda og sendir stjórnarmönnum.
  5. Önnur mál
    - a. Póstur hefur borist með beiðni um félagaskipti. Eyðublaðið er ekki rétt fyllt út. Ritari mun kalla eftir réttu skjali frá félögunum.
    - b. Verið er að vinna að skipulagningu á skólaheimsóknum á starfssvæði HSP nú í nóvember.
    - c. Kjartan og Sigurjón eiga fund með Jönu Lind í vikunni.

Fundi slitið kl. 13:30. Næsti fundur verður á sama stað og tíma þriðjudaginn 11. nóvember.

Fundargerð skráð af Sigurjóni Leifssyni